

Tillaga að fræðslu- og sögugöngum 2016

Hugmyndir að samstarfi umhverfinesfndar og menningar- og safnanefndar

Dagskrá á afmælisári Garðabæjar verði boðið uppá um eina göngu í mánuði. Þessa tillögur eru í vinnslu og einnig tímaröðin.

8. mars

Silfurtún

Söguganga um Silfurtún í leiðsögn Baldurs Svavarssonar sem uppalin er í Túnahverfi og gerði húsakönnun þar fyrir nokkrum árum.

Leiðsögn: Baldur Svavarsson, arkitekt.

Mæting: Bókasafni á Garðtorgi

12. apríl

Garðahverfi – Garðaholt

Leiðsögn: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri um Garðahverfið og Steinar J. Lúðvíksson höfundur Sögu Garðabæjar um sögu Garðaholts.

Samstarfsaðili: Kvenfélag Garðabæjar – kaffiveitingar á Garðaholti.

Mæting: Félagsheimilið Garðaholt

? maí

Fógetastígur – milli Hraunsvíks og Grásteins á Álftanesi

Leiðsögn: Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur.

Mæting: Hraunsvík við hringtorg í enda Vífilsstaðavegar, endað við Grásteinn á Álftanesi.

Boðið uppá veitingar kaffi eða súpu (ef um hádegi á laugardegi væri að ræða) í **Álftanes kaffi** við Breiðumýri.

10. maí

Fuglaskoðun Álftanes

Leiðsögn: Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson náttúrufræðingur

Samstarf: Fugla og náttúruverndarfélag Álftaness

Mæting: Kasthúsatjörn

Júní

Vífilsstaðir og umhverfi

Saga Vífilsstaða

Leiðsögn: Steinar J. Lúðvíksson höfundur Sögu Garðabæjar eða Ingvar Viktorsson uppalinn á Vífilsstöðum. (Ingvar var með staðarleiðsögn á 100 ára afmæli Hælisins 2010.)

Mæting:

Smalaholt – skógarganga

Gengið um útivistar- og skógræktarsvæðið í Smalaholti og litið á lágmynd af stúlku sem klöppuð er í stein efst á holtinu. Útsýnið skoðað frá hringsjá efst á Smalaholt sem er á bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs. Kaffi í Furulundi að lokinni göngu.

Leiðsögn: Erla Bil Bjarnadóttir umhverfisstjóri

Samstarfsaðili: Skógræktarfélag Garðabæjar

Mæting: Smalaholt frá Elliðavatnsvegi norðan Vífilsstaðavatns á efra bílaplanið. Göngu lokið þar.

Júlí

Álftanes – saga merkra húsa

Leiðsögn: Pétur H. Ármannsson arkitekt hjá Minjastofnun og búsettur á Álftanesi.

Mæting:

Ágúst

Selgjá – skoðaðar merkar minjar fyrri tíðar seljabúskapar frá Görðum.

Afhjúpað verði fræðslu- og söguskilti um selin í Selgjá á nýju bílaplani við Heiðmerkurveg. Gæti verið fyrr ef framkvæmd plansins dregst ekki.

Leiðsögn: Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur.

Mæting: Nýtt bílaplan við Heiðmerkurveg við austurenda Vífilsstaðahlíðar.

September

Garðakirkja – Bessastaðakirkja

Ganga milli kirkna í tilefni 50 ára afmælis endurreisnar Garðakirkju. Þessar merku kirkjur eign merka sögu sem vert er að draga fram á afmælisári.

Leiðsögn: Anna Ólafsdóttir um Bessastaðakirkju, höfundur Sögu Álftaness eða Pétur H. Ármannsson. Prestar í Garðakirkju.

Samstarfsaðili: Garðasókn

Mæting: Við Bessastaðakirkju, gengið að Garðakirkju. Rúta flytur göngufólk til baka að bílunum.